

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, Síðumúla 15 klukkan 16:30

Mættir voru; Daníel Örn, Maríanna Gunnarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Anna Guðjónsdóttir og Anna María Ingvarsdóttir. Guðný Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn.

Fundgerð ritaði Daníel Örn.

Dagskrá

Erindi frá ræktunar- og staðlanefnd

Ræktunar- og staðlanefnd hefur tekið til afgreiðslu erindi að beiðni stjórnar HRFÍ. Erindið barst 4. maí '22. Stjórn leggur til að stjórn chihuahuedeildar taki niðurstöður nefndarinnar til skoðunar.

Erindi barst frá félagsmanni

Erindi er varðar ræktunarbann hunds vegna PRA. Erindið hefur verið áframsent til vísindanefndar til afgreiðslu og umsagnar. Erindið barst 3. maí '22.

Kaup- og fóðursamningar

Anna, Guðbjörg og Helga tóku að sér að yfirfara samninga sem notaðir eru í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Samlesnir samningar þessara landa.

Bréf til ráðuneytis varðandi innflutning á sæði

Anna María gerði bréf sem liggur inni á teams. Tekið fyrir á næsta fundi.

Aðalfundur félagsins

Ársreikningar félagsins, Guðný fór yfir ársreikninga.

Fundi slitið klukkan 18:30

Næst fundur áætlaður 23. maí